

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og skattanefnd
vt. Eiríkur Áki Eggertsson
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. mars 2010 02-2010030065

T-ums 13/10

*Alþingi**Erindi nr. P 138/1242**komudagur 12.3.2010*


Umsögn ríkisskattstjóra vegna frumvarps til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum - kyrrsetning eigna - 386. mál, þskj. 694.

Ríkisskattstjóri hefur þann 2. mars 2010 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, 386. mál, þskj. 694 - kyrrsetning eigna.


Í frumvarpinu er lagt til að eftirlits- og fullnustuheimildir verði auknar þannig að skatranssóknarstjóri ríkisins fái heimild til að kyrrsetja eignir aðila sem eru til rannsóknar hjá því embætti. Samskonar frumvarp var lagt fram á 137. löggjafarþingi en var ekki fullrætt. Í athugasemdum kemur fram að frumvarpinu sé ætlað að bregðast við hættu á undanskotum eigna sem skapast getur vegna þess hversu langan tíma málsmeðferð vegna ætlaðra skattalagabrota getur tekið.

Ríkisskattstjóri telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst



Skúli Eggert Þorðarson



Guðrun Jenny Jónsdóttir